


10. september 2018  
JBS 1711011

**Hafnarfjarðarbær**

Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri

Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	13/9 2018
Málsnr:	1809298
Bréfal:	520

**Efni: Fyrirhuguð nýbygging Tækniskólans**

Stjórn Tækniskólans hefur ákveðið að skoða möguleika á því að byggt verði nýtt skólahús á Reykjavíkursvæðinu sem hýsi alla starfsemi skólans á einum stað.

Skipuð hefur verið byggingarnefnd til að taka fyrstu skrefin og leiða málið áfram og kanna möguleika á slíkri framkvæmd.

**Í Byggingarnefndinni sitja:**

Guðmundur Kristjánsson, formaður stjórnar Tækniskólans - formaður  
Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans  
Jón B. Stefánsson, fyrrverandi skólameistari - verkefnastjóri nefndarinnar

Stjórn Tækniskólans hefur verið með þetta mál til umfjöllunar síðastliðið ár og réði til starfa verkfræðistofuna EFLU til að annast frumþarfagreiningu og gera grófa kostnaðaráætlun nýbyggingar og kostnaðarmat á núverandi húsnæði.

Tækniskólinn er í dag starfræktur í 10 aðskildum húsum á 4 stöðum í Reykjavík og í Hafnarfirði, er með um 250 starfsmenn og um 2500 nemendur

Stjórnendur og stjórn skólans ásamt fulltrúum Verkfræðistofunnar EFLU ehf heimsóttu á síðasta ári skóla í þremur löndum þar sem skólastarfið er af sama toga og hjá Tækniskólanum og skólarnir eru í nýjum skólahúsum sem byggð voru fyrir starfsemi skólanna.

**Byggt á ofangreindu hafa verið mótaðar frumforsendur nýrrar byggingar sem eru m.a eftirfarandi.**

- **Byggt verði nýtt skólahúsnæði Tækniskólans sem rými alla starfsemi skólans á einum stað**
  - Húsið verði staðsett á Reykjavíkursvæðinu – sem næst miðju svæðisins
  - Staðsetning skólahúsnæðisins verði vel tengd við leiðarkerfi almennings samgangna og umferðakerfi.

- **”Skólastræti” – lifandi gata**
  - Yfirbyggð göngugata myndi hjarta eða slagæð skólans
  - Skólum Tækniskólans raðað umhverfis Skólastrætið
  - Skipulag og hönnun aðlöguð að starfsemi einstakra skóla
    - Vinnusalir og kennslurými verði sýnileg
    - Íþróttasalir og útisvæði fyrir hreyfingu
    - Stál – gler, steinsteypa, viður og límtré verði ráðandi byggingarefni
  - Auðvelt verði að breyta rýmum, aðlaga og breyta innviðum í takt við þróun og vinnuáðferða við námið.
  - Möguleiki sé á að aðrir skólar geti staðið við strætið
- **Stæðir nýrrar skólabyggingar ásamt aðliggjandi starfssvæðum**
  - Áætluð stærð nýs skólahúss u.þ.b 30 þús m<sup>2</sup>
  - Byggt verði á tveim til þremur hæðum
  - Áætlað hagræði í rými er um 30% m.v núverandi húsnæði Tækniskólans
  - Gera þarf ráð fyrir lóð sem rými framangreint auk rúmgóðs bílasvæðis neðanjarðar og eða í bílastæðahúsi og athafnarsvæðis
  - Gera þarf ráð fyrir að til framtíðar verði hægt að reisa nemendagarða við eða í nágrenni nýs skóla.
- **Nemenda og starfsmannafjöldi**
  - Áætlaður nemendafjöldi um 3000 með möguleika á fjölgun í 5000 með auknum húsakosti
  - Áætlaður starfsmannafjöldi starfsmenn 300+

Stjórn Tækniskólans lítur svo á að nýbygging fyrir skólann verði veruleg lyftistöng fyrir starfs- og iðnnám í landinu en langt er um liðið síðan reist hefur verið skólahúsnæði sérhannað fyrir samtvinnungu starfs-, iðn- og bóknáms með þeim hætt sem íhugað er.


Byggingarnefnd óskað er eftir fundi með þér til þess að fara yfir og kynna áform Tækniskólans og ræða hvort og hvernig Hafnarfjarðarbær getur aðstoðað skólann með lóðaúthlutun og annarri fyrirgreiðslu varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Óskað er eftir fundi sem fyrst.

Virðingarfyllst,



**Guðmundur Kristjánsson**  
Formaður byggingarnefndar Tækniskólans



**Jón B. Stefánsson**  
Verkefnastjóri nýbyggingar